


Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/981  
komudagur 15.12.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Iðnaðarnefnd  
Austurstræti 10  
  
150 Reykjavík

Reykjavík 15.12.2010

**Efni: Umsögn um tillögur til þingsályktana um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, 102. mál og 120. mál.**

Samtök atvinnulífsins taka eindregið undir með því sem fram kemur í báðum þessum tillögum, að unnið verði markvisst að uppbyggingu orkufreks iðnaðar í Þingeyjarsýslum.

Samtökin telja þó vart unnt að halda því fram eins og gert er í annarri tillögunni að ríkisstjórnin hafi unnið markvisst að þessum málum undanfarið. Það er auk þess í besta falli skrytið að Alþingi velji með þingsályktun orkukaupendur án þess að fyrir liggja á hverju samningar við þá muni byggja. Þar hlýtur arðsemi og samkeppnisstaða og áhugi erlendra fjárfesta að ráða miklu.

Mikilvægt er að stjórnvöld einbeiti sér að því að skapa skilyrði til þess að erlendir fjárfestar sjái sér hag í að fjárfesta hér á landi m.a. í áliðnaði í stað þess að leggjast gegn nánast öllum hugmyndum um erlendar fjárfestingar.

Samtök atvinnulífsins hafa gefið út skýrslu um mikilvægustu verkefni stjórnvalda á þessu sviði undir heitinu „Atvinna fyrir alla“. Ritið má finna á vef samtakanna með því að rekja slóðina: <http://www.sa.is/frettir/almennar/nr/4754/>

Virðingarfyllst,

*Pjetur Reinertsen*